

# Bættar starfsaðstæður í leikskólum Reykjanesbæjar

## Tillögur starfshóps



Uppskerutími í Tjarnarseli

Reykjanesbær  
Nóvember 2019

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Starfshópur</b> .....	3
<b>Starfsumhverfi leikskóla verði sambærilegt öðrum skólastigum</b> .....	4
<b>Undirbúningstímar og viðvera með börnunum</b> .....	5
<b>Stærð barnahópa</b> .....	5
<b>Breytingar á barngildisviðmiðum</b> .....	6
<b>Aðgerðir til að auka starfsánægju og tryggja stöðugleika</b> .....	7
<b>Stuðningur við starfsfólk í leikskólakennaranámi</b> .....	8
<b>Lokaorð</b> .....	9
<b>Heimildaskrá</b> .....	10

### Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Fylgiskjal 2

## Inngangur

Næstum öll börn á aldrinum tveggja til sex ára á Íslandi sækja leikskóla og er hann skilgreindur sem hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga (Samband íslenskra sveitarfélaga). Leikskólastigið er samkvæmt gildandi lögum fyrsta skólastigið og er mikilvægur liður í samfelldu námi frá leikskóla til háskóla. Leikskólinn er á ábyrgð sveitarfélaga sem einnig hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl (lög um leikskóla 90/2008). Hann er menntastofnun um leið og hann er þjónustustofnun og gegnir ákaflega mikilvægu hlutverki í nútíma samfélagi. Má þar nefna að lagður er grunnur að mikilvægum þroskaþáttum svo sem mál-, hreyfi-, félags- og tilfinningaþroska.

Fræðimenn á sviði uppeldis og menntunar hafa rannsakað og sýnt fram á hversu mikilvæg fyrstu æviár einstaklings eru, sem undirstaða undir velsæld og góða heilsu á fullorðinsárum (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Það er því mikilvægt að leikskólinn þar sem börn dvelja átta tíma á dag og jafnvel lengur bjóði upp á umhverfi og aðbúnað sem stuðlar að vellíðan þeirra og alhliða þroska.

Fjöl margar áskoranir eru á þessu fyrsta skólastigi, þar má nefna sífellt lengri vistunartíma barna, fækkun fagfólks og fjölbreyttari samsetningu barnahópa. Einnig er aukin krafa um þátttöku í verkefnum sem þarfnast mikils skipulags. Hvað varðar vistunartíma þá kom fram í skýrslu frá OECD sem ber heitið *Starting strong* og kom út í júní 2017 að börn á Íslandi ásamt norskum börnum væru með lengstu viðveru í leikskólum dag hvern innan OECD ríkja. Í þessu samhengi má einnig benda á að börn í leikskólum á Íslandi eru með flesta daga í skóladagatali sé horft til annarra skólastiga svo sem grunn- framhalds- og háskóla.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik- grunn- og framhaldsskóla kveða á um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í leikskólum Reykjanesbæjar er hlutfall leikskólakennara 33%, starfsmenn með aðra uppeldismenntun eru um 11% og ófagglærðir starfsmenn eru um 56%. Á landsvísu er hlutfall leikskólakennara að meðaltali 34% og það er því ljóst að til að uppfylla skilyrði laga er langt í land. Það er því mikilvægt að starfsumhverfi leikskóla og allur aðbúnaður sé sem bestur svo starfsvettvangurinn höfði til ungs fólks sem stendur frammi fyrir starfsvali.

Á undanförunum misserum hefur mikið verið fjallað um leikskólann og þær miklu breytingar sem orðið hafa á starfi hans síðasta áratug. Mörg sveitarfélög hafa farið í þá vinnu að skoða hvað hægt sé að gera betur til að bæta starfsumhverfi og laða að hæfa og vel menntaða leikskólakennara.

Settur var á laggirnar starfshópur í Reykjanesbæ árið 2017 sem var skipaður leikskólakennurum og var hlutverk hans að skoða og ræða starfsaðstæður leikskólakennara, leiðbeinenda og barna í leikskólum Reykjanesbæjar. Hópurinn skilaði af sér tillögum í febrúar 2018 og lagði til að þrjú þættir yrðu settir í forgang: (fylgisskjal 1).

1. Að auka undirbúningstíma deildarstjóra úr 5 tímum í 6 tíma.
2. Stefna að fækkun barna á deildum.
3. Bæta við einum skipulagsdegi fyrir foreldraviðtöl.

Liðir 1 og 3 voru samþykktir af fræðsluráði og eru þegar komnir til framkvæmda.

## **Starfshópur**

Kveikjan að skipan og vinnu þessa starfshóps var sú að fræðsluráð Reykjanesbæjar ákvað 1. febrúar 2019 að fela fræðsluviði að stofna starfshóp um starfsaðstæður í leikskólum. Hópnum var ætlað var að rýna í leikskólastarfið í Reykjanesbæ og leggja fram tillögur sem miða að því að efla faglegt starf í leikskólunum og um leið betrubæta starfsaðstæður leikskólakennara og annarra starfsmanna. Samkvæmt erindisbréfi (fylgisskjal 2). Var hópnum ætlað að skoða ákveðna þætti er vörðuðu starfsaðstæður. Hópurinn tók til starfa í lok mars og hefur fundað sex sinnum og einnig verið í tölvusamskiptum. Hópurinn fékk formann Félags leikskólakennara, Harald Gíslason á fund í júní 2019. Hann kom víða við í máli sínu og það var gagnlegt að heyra hvað brennur á félagsmönnum. Má þar helst nefna litla nýliðun í stéttinni, stórir barnahópar og löng viðvera barna og kennara. Einnig kom Anna Lýdía Helgadóttir leikskólakennari á Vesturbergi og fulltrúi í skólamálanefnd Félags leikskólakennara hjá Kennarasambandi Íslands, á fundinn. Hún upplýsti hópinn um hvað væri helst í umræðu innan leikskólakennarastéttarinnar varðandi starfsaðstæður og aðbúnað.

### **Stafshópin skipuðu:**

Andri Örn Víðisson, fulltrúi fræðsluráðs

Árdís Hrönn Jónsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra

Erla Þorsteinsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Halla Björk Sæbjörnsdóttir, fulltrúi leikskólakennara

Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi fræðsluráðs

Ólöf Kristín Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi fræðslusviðs

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi fræðslusviðs

## Starfsumhverfi leikskóla verði sambærilegt öðrum skólastigum

Mikil umræða var í starfshópnum um starfsumhverfi leikskólanna með tilliti til þess að leikskólakennarar á Suðurnesjum hafa verið að skipta um starfsvettvang og meðal annars farið úr leikskólum yfir í grunnskólana. Aðalástæðuna segja þeir vera að starfsumhverfið sé betra, styttri viðvera með börnum, lengri tími gefinn til undirbúnings og lengra frí um jól og páska.

Um áramót 2019- 2020 munu taka í gildi ný lög er kveða á um eitt leyfisbréf fyrir kennara á öllum skólastigum. Það mun gera leikskólakennurum kleift að kenna á öðrum skólastigum með full réttindi. Þess vegna er mjög brýnt að færa starfsumhverfi leikskólanna nær öðrum skólastigum þannig að við missum ekki fleiri leikskólakennara yfir í grunn- og framhaldsskóla.

Undanfarin ár hafa leikskólar í Reykjanesbæ gert könnun á mætingu barna milli jóla og nýárs. Um 75% barna eru í fríi þessa daga sem gefur til kynna að ekki sé brýn þörf á því að hafa leikskólana í fullum rekstri. Sjá töflu hér fyrir neðan.

### Mæting í leikskólum milli jóla og nýárs í Reykjanesbæ 2018

	27. desember 2018	28. desember 2018	Fjöldi bara í leikskóla
Akur	35	28	131
Garðasel	28	30	95
Gimli	20	20	81
Heiðarsel	17	17	93
Hjallatún	38	39	108
Holt	22	22	89
Tjarnarsel	15	16	80
Skógarás	18	16	80
Vesturberg	28	40	100
Völlur	40	30	92
<b>Samtals:</b>	<b>261 24,74%</b>	<b>258 24,45%</b>	<b>948 100%</b>

Þess vegna er möguleiki á að hafa lágmarks starfsemi í leikskólum Reykjanesbæjar milli jóla og nýárs. Heildarviðverutími barna í leikskólum myndi að sama skapi minnka og færast nær því sem þekktist í OECD ríkjunum (Starting Strong, 2017). Þessi yngstu nemendur skólakerfisins fengju þá frí, að hluta, til jafns við börn í grunn- og framhaldsskólum. Með því að loka væri einnig verið að auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs þeirra sem starfa í leikskólum sem hugsanlega myndi laða fólk til starfa.

### Tillaga 1

Stefnt skal að því að vinnufyrirkomulag í leikskólum verði sambærilegt öðrum skólastigum, þá sérstaklega í grunnskólum. Lagt er til að leikskólar bæjarins verði lokaðir milli jóla og nýárs og að skoðað verði með lokun í dymbilvikunni fyrir páska eins og gert er á öðrum skólastigum.

Foreldrar myndu ekki greiða fyrir dagana sem lokað yrði.

## **Tillaga 2**

Lagt er til að á milli jóla og nýárs verði lágmarksstarfsemi í leikskólum með það að markmiði að gefa börnum og starfsfólki lengra jólafrí. Foreldrum verði boðið að fella niður gjald fyrir þá daga sem börnin eru í fríi.

## **Undirbúningstímar og viðvera með börnunum**

Huga þarf að sveigjanleika varðandi viðverutíma leikskólakennara með börnunum. Starfshópurinn telur að heppilegt væri að gera viðveruna sambærilega við önnur skólastig þannig að það verði eftirsóknarvert að vinna í leikskóla.

Grunn- og framhaldsskólakennarar geta unnið hluta af vinnu sinni utan vinnustaðar og minnkað með því daglega viðveru. Þeir eru því með meiri sveigjanleika í daglegum störfum sínum en leikskólakennarar. Börn eru í grunnskólum 37 vikur á ári en börn í leikskólum eru 45 vikur á ári. Leikskólakennarar og leiðbeinendur í leikskólum er í vinnu á sama tíma og börnin dvelja og hafa þar af leiðandi minni tíma til að sinna faglegum undirbúningi og endurmenntun.

Auka þarf undirbúningstíma leikskólakennara og deildarstjóra þar sem starfsumhverfi leikskóla er orðið flóknara vegna fjölbreytileika í barnahópnum og lágs hlutfalls fagmenntaðra leikskólakennara. Kröfur til leikskólakennara hafa aukist undanfarin ár til dæmis varðandi sérkennslu en hlutfall þeirra barna sem þarfnast sérúrræða er mun meira en áður Einnig felast miklar áskoranir í þjónustu við börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra, sérstaklega er varðar sér- og íslensku kennslu. Samhliða er þess vænst af leikskólum að þeir taki þátt í fjölbreyttum þróunarverkefnum á borð við Snemmtæka íhlutun, Heilsueflandi leikskóla, Grænánaverkefni og alþjóðleg verkefni eins og eTwinning og Erasmus+ svo fátt eitt sé nefnt.

## **Tillaga 3**

Lagt er til að leikskólakennarar fái að minnsta kosti fimm tíma til undirbúnings á viku í stað fjögurra og deildarstjórar fái að minnsta kosti sjö tíma til undirbúnings í stað sex.

## **Tillaga 4**

Lagt er til að auka svigrúm leikskólustjóra til að greiða leikskólakennurum yfirvinnu þegar þeir missa undirbúningstíma vegna manneklu. Með því fá leikskólakennarar tækifæri til að sinna undirbúningstímum utan vinnu þegar þannig stendur á.

## **Stærð barnahópa**

Sá þáttur er veldur mestu álagi í starfi leikskólakennara og leiðbeinenda í leikskólum er stærð barnahópa. Í samtölum fulltrúa starfshópsins við leikskólakennara er sá þáttur talinn mikill álagsvaldur í starfi þeirra og endurspeglast það í samræðum við leikskólakennara.

Ekki er kveðið á um fastan fjölda barna miðað við fermetra í lögum og reglugerðum um leikskóla. Mörg sveitarfélög, þar á meðal Reykjanesbær, hafa miðað við 3,5 fermetrar í leikrými og 7 fermetrar í heildarrými. Önnur sveitarfélög, eins og Kópavogur og Hafnafjörður hafa nýverið farið að miða við 4 fermetra fyrir leikrými og 8 fermetra í heildarrými.

## Tillögur starfshóps um bættar starfaðstæður í leikskólum

Starfshópurinn fékk starfsmenn af umhverfisviði Reykjanesbæjar til að mæla fermetra fjölda leikskólanna, bæði leikrými og heildarrými. Leikrými er það rými sem börnin hafa jafnan aðgang að til leiks allan daginn og heildarrými er leikrými með sal, sérkennslu herbergjum og þeim rýmum sem börnin gætu verið í við leik. Niðurstaða mælinganna var sú að í nokkrum leikskólum eru of mörg börn miðað við þau viðmið sem Reykjanesbær styðst við en í öðrum leikskólum var fjöldi barna ásættanlegur.

Starfshópurinn leggur áherslu á að ekki séu of mörg börn á hverri deild. Huga þarf að vellíðan leikskólabarna. Það er gert meðal annars með því að hafa barnahópa ekki of stóra svo hvert barn fái betur notið sín. Einnig telur starfshópurinn að meta þurfi fjölda barna pr. fermetra út frá húsnæðiskosti leikskóla þar sem starfsaðstæður eru misjafnar vegna aldurs og hönnun húsa.

### Tillaga 5

Starfshópurinn leggur áherslu á að til framtíðar verði miðað við að stækka leik- og heildarrými í leikskólum þannig að leikrými verði  $4\text{m}^2$  í stað  $3,5\text{m}^2$  og heildarrými  $8\text{m}^2$  í stað  $7\text{m}^2$  pr. barn. Þannig sé hægt að bæta starfsumhverfi leikskólakennara og barna.

### Breytingar á barngildisviðmiðum

Í umræðum við leikskólakennara í Reykjanesbæ kom skýrt fram að fækka þurfi börnum á deildum til að minnka álag sem felst oft í slakri hljóðvist og of stórum barnahópum í litlum rýmum. Hluti af því að fækka börnum væri að breyta viðmiðum barngilda þannig að til dæmis verði 5 ára barn eitt barngildi en ekki 0,8 barngildi eins og það er í dag.

Frá því 2008 þegar lög um leikskóla (90/2008) voru samþykkt voru barngildisviðmiðin tekin út. Þrátt fyrir það eru þau enn notuð sem viðmið en þegar þau voru tekin í notkun fjölgaði börnum töluvert. Með því að taka þau út úr lögnum var gerð tilraun til þess að snúa þróuninni við.

Í dag eru viðmiðin eftirfarandi:

5 ára barn	0,8 barngildi	10 börn gefa 1 stöðugildi
4 ára barn	1 barngildi	8 börn gefa 1 stöðugildi
3 ára barn	1,3 barngildi	6 börn gefa 1 stöðugildi
2 ára barn	1,6 barngildi	5 börn gefa 1 stöðugildi
1 árs barn	2 barngildi	4 börn gefa 1 stöðugildi

## Tillaga 6

Að barngildisviðmiðum fjögurra og fimm ára barna verið breytt í áföngum, þannig að fimm ára barn verði 1 barngildi, samtals eitt stöðugildi á átta börn. Fjögurra ára börn sem í dag eru 1,1 barngildi verði 1,2 barngildi, samtals sjö börn á eitt stöðugildi.

Eftir breytingu yrðu viðmiðin eftirfarandi:

5 ára barn	1 barngildi	8 börn gefa 1 stöðugildi
4 ára barn	1,2 barngildi	7 börn gefa 1 stöðugildi
3 ára barn	1,3 barngildi	6 börn gefa 1 stöðugildi
2 ára barn	1,6 barngildi	5 börn gefa 1 stöðugildi
1 árs barn	2 barngildi	4 börn gefa 1 stöðugildi

## Aðgerðir til að auka starfsánægju og tryggja stöðugleika

Í leikskólum þar sem hlutfall faglærðra er lágt er erfitt að skipuleggja faglegt starf. Undirbúningstímar eru færri á hvern starfsmann þar sem leiðbeinendur eiga ekki rétt á jafn mörgum undirbúningstímum og leikskólakennarar og fagþekking leiðbeinenda eins og gefur að skilja minni en menntaðra kennara. Því er nauðsynlegt að gefa gott svigrúm til að senda leiðbeinendur á fjölbreytt námskeið. Með slíkum aðgerðum væri tekið skref í átt að jafna hlut barna í leikskólum Reykjanesbæjar, óháð fjölda leikskólakennara hvers leikskóla. Mikilvægt væri þá að hver leikskóli móti móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk til að efla fagmennsku og stuðla að góðri leiðsögn og fræðslu frá upphafi. Í Mosfellsbæ hefur t.d. verið farin sú leið að greiða öllum leikskólakennurum svokallaðar TV einingar til að mæta skorti á fagfólki og auknu álagi vegna starfsmannaveltu í hópi ófaglærðra. Tímabundin viðbótarlaun sem slík reiknast í TV-einingum sem bætast við heildarlaun starfsmanns eftir að þau hafa verið reiknuð skv. öðrum launamyndunarþáttum kjarasamningsins (Kjarasamningur Félags leikskólakennara).

Fjarvistir starfsmanna valda miklu álagi í leikskólum. Þær stafa meðal annars af veikindum starfsmanna, veikindum barna þeirra, margir kennarar eiga auka orlofsdaga og starfsmenn eru í námi. Ýmsar aðrar ástæður liggja að baki fjarvistum þó stjórnendur leiti margra leiða til að minnka þær. Leikskólar hafa ákveðin stöðugildi til að mæta fjarvistum starfsmanna sem reiknast sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna, svo kölluð afleysingarprósenta.

## Tillaga 7

Lagt er til að afleysingarprósenta leikskóla verði hækkuð úr 8,33% í 10%.

## Tillaga 8

Lagt er til að leikskólar, sem hafa lægra en 30% hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara, fái sérstakan fjárstuðning, sem gæti verið nefndur fagstuðningur, til að auka möguleika skólanna til að mennta ófaglærða starfsmenn.



### **Tillaga 9**

Lagt er til að stjórnendahlutfall aðstoðarleikskólastjóra verði hækkað um 10% til að sinna því sem viðkemur aðlögun nýrra starfsmanna ásamt öðrum verkefnum sem tilheyra stjórnun leikskóla.

### **Stuðningur við starfsfólk í leikskólakennaranámi**

Lágt hlutfall leikskólakennara í leikskólum skapar aukið álag á þá menntuðu leikskólakennara sem fyrir eru. Í leikskólum Reykjanesbæjar er um 33% hlutfall starfsfólks með leikskólakennaramenntun. Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla kveða á um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Reykjanesbær á langt í land til þess að uppfylla þær kröfur, auk þess er meðalaldur leikskólakennarahópsins hár og nýliðun er lítil. Reykjanesbær styður nú þegar við starfsmenn sem eru í námi í leikskólakennarafræðum með því að greiða þeim laun á meðan þeir fara í staðlotur og vettvangsnám, fjarvera kennaranemana getur þó verið áskorun fyrir leikskólanna á meðan á námi stendur. Starfshópurinn telur að til framtíðar væri heppilegt að leikskólakennaranám væri í boði sem staðarnám hér á svæðinu, til dæmis í samstarfi við Keili.

### **Tillaga 10**

Lagt er til að Reykjanesbær endurgreiði starfsfólki sínu sem stundar nám samhliða vinnu í leikskólakennarafræðum aðstöðu- og próftökugjald hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

### **Tillaga 11**

Lagt er til að Reykjanesbær greiði sérstakan útskriftarstyrk fyrir kennara 36 mánuðum eftir útskrift, að því gefnu að starfsmaðurinn hafi starfað óslitið á leikskólum Reykjanesbæjar á tímabilinu. Styrkupp hæðin gæti numið summu þriggja til fimm skráningargjalda við ríkisháskóla.

## **Lokaorð**

Komið er að lokum þeirrar vinnu sem starfshópnum var ætlað að rýna í. Dregið er saman í skýrslunni það sem hvílir þyngst á leikskólakennurum sem starfa í leikskólum bæjarins. Hópurinn leggur fram í skýrslunni raunhæfar tillögur til að bæta starfsumhverfi í leikskólum, börnum, leikskólakennurum og öðru starfsfólki til heilla.

Það hefur komið í ljós á síðustu misserum að leikskólastigið er í vanda sem verður að leysa eigi þetta fyrsta skólastig barna að skila því hlutverki sem því er ætlað. Vöxtur leikskólans hefur verið mikill undanfarin ár. Sífelld yngri börnum er boðin leikskóladvöl án þess að faglærðum kennurum fjölgi um leið og kröfur um öflugt og faglegt leikskólastarf hefur aukist. Forsenda þess að vel takist til er að hlúa að mannauði hvers leikskóla, því er mikilvægt að starfsaðstæður í leikskólum bæjarins verði með því besta sem gerist. Þannig mun leikskólastigið í Reykjanesbæ halda áfram að vaxa og dafna.

Tillögur starfshóps um bættar starfaðstæður í leikskólum

## Heimildaskrá

Kjarasamningur sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir Kennarasamband Íslands vegna Félags leikskólakennara. Sótt 24. október 2019 af

[https://ki.is/images/Skrar/FL/kjarasamningar/FL\\_heildarkjarasamningur\\_i\\_gildi\\_010615\\_til\\_300619\\_okt2018\\_a\\_vefinn\\_101018.pdf.pdf](https://ki.is/images/Skrar/FL/kjarasamningar/FL_heildarkjarasamningur_i_gildi_010615_til_300619_okt2018_a_vefinn_101018.pdf.pdf)

Lög um leikskóla nr. 90/2008. Sótt 24. október 2019 af

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

OECD (2017). *Starting Strong 2017*. Key OECD Indicators on Early Childhood Education and Care. Sótt 10. október 2019 af <http://www.oecd.org/edu/school/starting-strong-2017-9789264276116-en.htm>

Skilgreining á grunnþjónustu sveitarfélaga. Sótt 23. október 2019 af

<https://www.samband.is/media/skolamal/Grunnthjonusta-a-svidi-fraedslumala.pdf>

Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man – Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Forlagið.